

Stjórnarfundur nr. 7

20. október 2009 kl.15:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Valgerður Júlíusdóttir. Margrét Kjartansdóttir og Auður Sif Sigurgeirsdóttir komu seinna inn á fundinn.

1. Alþjóðleg sýning 3. – 4. október í reiðhöllinni í Víðidal

A-2304

Alls voru skráðir til þátttöku 755 hundar af 84 hundategundum. Alls tóku 38 ungir sýnendur á aldrinum 10-13 og 14-17 ára þátt og kepptu um titilinn besti ungi sýnandinn. Dómarar voru Vincent O'Brian frá Írlandi, Svend Lövenkjær frá Danmörku, Kresten Scheel frá Danmörku, Birte Scheel frá Danmörku og Norman Deschuymer frá Belgíu. Henrik Johansson frá Svíþjóð boðaði forföll. Hugo Quevedo dæmdi unga sýndendur.

Stigahæsti hundur ársins var íslenskur fjárhundur ISCh Arnastaða Rektor og stigahæsti öldungur ársins var pomeranian ISCh Ljóna- Ljón-Ynja Ljóna. Stigahæstu ungu sýnendur ársins voru Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir, Karen Ösp Guðbjartsdóttir, Theodóra Róbertsdóttir og Guðrún Hauksdóttir. Þær skipa jafnframt landsliði ungra sýnenda sem fer á Nordic Winner Show (Nordic Junior Handling Championship) ásamt þjálfara sínum Auði Sif Sigurgreirdóttur. Sýningin fer fram í Finnlandi í desember n.k.

Rannveig Gauja sem er stigahæst eftir árið keppir fyrir hönd Íslands á Crufts í Bretland í mars.

Annar stigahæsti keppandinn, Karen Ösp keppir á heimssýningunni í Herning í Danmörku í júní og Theodóra sem er þriðji stigahæsti ungi sýnandinn keppir á Evrópusýningunni í Slóveníu.

Þjónustuhundur ársins er schäferfókin Óðalsdreka Amiga. Hún starfar við hlið starfsfélaga síns aðallega í fangelsum landsins. Starfsfélagi hennar og þjálfari er Elín Ósk Hölludóttir. Afrekshundur ársins er Rauða Kross hundurinn Karólína sem er í eigu Guðleifs Magnússonar. Karólína heimsækir reglulega eldri borgara á Sunnuhlíð í Kópavogi ásamt því að hafa stutt eigandann sinn þegar hann missti óvænt heilsuna fyrir þremur árum.

2. Bréf frá retrieverdeild vegna neitunar um deildarsýningu

A-2304 a

Til formanns Hundaræktarfélags Íslands

Sæl Jóna

Stjórn Retrieverdeildar HRFÍ fundaði í gærkvöldi og var málefni fundar dagskrá 2010. Stjórnin er ósátt við niðurstöðu stjórnar HRFÍ um að leyfa ekki deildarsýningu á 30 ára afmæli deildarinnar. Við erum minnug orða þinna á ársfundi deildarinnar 2009 þar sem þú lofaðir okkur að vel yrði gert við okkur á afmælisárinu. Við höfum því ekki gefið upp alla von um að jákvæð niðurstaða fái st. Eins og gefur að skilja er erfitt að setja saman dagskrá annarra viðburða ársins á meðan deildarviðburður og afmælishátíð eru í uppnámi, en venja er að halda um átta veiðipróf á hverju sumri. Við óskum því eftir fundi með þér og framkvæmdarstjóra HRFÍ sem fyrst. Vegna fjarveru minnar gæti annað hvort fimmtudagur eða föstudagur í næstu viku (8. eða 9. október) henta til fundar. Vinsamlegast sendu svar þitt til allra stjórnarmeðlima, því ég verð ekki í tölvusambandi fyrir en miðvikudaginn 7. október.

Virðingarfyllst,

Guðmundur A. Guðmundsson, formaður ræktunarstjórnar Retrieverdeildar

Samþykkt að leyfa deildinni að halda sýningu og veiðipróf í júní með því skilyrði að halda kostnaði í lágmarki.

3. Vinnuhundadeild – starfsemi og próf framundan

Neðangreind fyrirspurn var send á stjórn vinnuhundadeildar 19. otk.:

„Stjórn Vinnuhundadeildar HRFÍ

Albert Steingrímsson

Arna Rúnarsdóttir

Haukur Birgisson

Steinar Lúðvíksson

Valgerður Stefánsdóttir

Ágæta stjórn,

Samkvæmt auglýsingu á vefsíðu HRFÍ þann 24. júlí sl. voru ráðgerð ný vinnupróf í ágúst og september.

Getið þið upplýst mig um hvaða próf fóru fram og hver voru niðurfelld.

Samkvæmt reglugerð Vinnuhundadeildar skal birta úrslit vinnuprófa á vefsíðu HRFÍ. Ég sé aðeins birt úrslit úr bronsprófi frá 5. september á vefsíðu HRFÍ.

Einnig væri gott að fá yfirlit um fyrirhugaða starfsemi Vinnuhundadeildar í vetur.

Bestu kveðjur

Jóna Th. Viðarsdóttir
formaður

Upplýsingar sendar til Jónu frá Valgerði Stefánsdóttur:

Dagskrá

5. ágúst- Spor I - fellt niður vegna ónógrar þátttöku

12. ágúst –Bronz -fellt niður

19. ágúst – Bronz - fellt niður

29. ágúst - Spor I

5. sept. - Bronz, (tvöfalt) var einfalt

6. sept. - Hlýðni I -fellt niður

23. sept. - Spor I

27. sept -Hlýðni I - fellt niður

Sporapróf 29. ágúst.

Dómari: Albert Steingrímsson

1. Bláskóga Elsa	96 stig	Labrador Retriever	Delia Kristín Howser.
2. Svarthöfða Javer Frosti	90 stig	Dverg Schnauzer	Guðbjörg Guðmundsd.
3. Rainscourt Life On Mars	85 stig	Golden Retriever	Sigríður Bílddal.
4. Svartskeggs Black Pearl	72 stig	Rísa Schnauzer	Ragnhildur Gísladóttir.

Laugardag 5. september - Bronspróf sbr fréttatilkynningu á HRFÍ

Miðvikudaginn 23. september var haldið sporleitarpróf, í upplandi Hafnarfjarðar"

Svör hafa borist um yfirlit yfir vinnupróf í ágúst og september en ekkert um áframhaldandi starfsemi. Stjórn bíður eftir frekari upplýsingum um næstu vinnupróf.

4. Bréf frá fjár-og hjarðhundadeild – breyting á heilbrigðiskröfum fyrir old english sheepdog **A-2305/A-2305a**

Old English Sheepdog:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.03.2009).

Ræktunarbann er á hunda sem greinast með arfgengt cataract (Gildir frá 01.01.10)

Mjadmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.

Greinist hundur með mjadmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók (Gildir frá 01.01.10).

Samþykkt. Auglýsa á vefsíðu HRFÍ og deildarinnar.

5. Vantraust – erindi til stjórnar frá félagsmanni **A-2306/A-2306a**

"Góðan dag.

Sem félagsmanni í HRFÍ langar mig til að lýsa yfir óánægju með framgöngu talsmanna tveggja og hugsanlega þriggja deilda félagsins, Mjóhundadeildar, Vorstehdeildar og hugsanlega Íþróttadeildar.

Málavextir.

Laugardaginn 26. september var haldinn einhvers konar vinnuhundadagur á vegum klúbbsins Dobermann Ísland, sem útrekað hefur sýnt í verki að hann vinnur markvisst gegn HRFÍ og grundvallarmarkmiðum félagsins. Ég held að ekki þurfi frekari útskýringar þar að lútandi.

Mér var illa brugðið að sjá að fólk sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir HRFÍ og er treyst fyrir hagsmunum félagsins og viðkomandi deilda, skuli hafa átt samstarf við þennan klúbb.

Á meðfylgjandi mynd hanga uppi merki tveggja deilda HRFÍ. Þess má geta að á sama tíma var Vorstehdeild með fuglahundapróf, sem mér hefði þótt eðlilegri vettvangur fyrir stjórnarmenn vorsteh-deildar og hunda þeirra.

Í seinni fréttum RÚV í gærkvöldi var sýnt frá hundafimi og ég sá ekki betur en þær væru notuð tæki í eigu HRFÍ, en eru í vörslu og á ábyrgð Íþróttadeildar, samkvæmt því sem ég kemst næst.

Ég kann því ákaflega illa, að eigur okkar félagsmanna, séu lánaðar til atburða sem þessa.

Sé stjórn HRFÍ sammála því sjónarmiði mínu, að samstarf við klúbbinn Dobermann Ísland, sé með öllu óviðeigandi og ólíðandi hjá fólki sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir HRFÍ, þykir mér eðlilegt að viðkomandi aðilum sé bent á það. Sjálfri finnst mér þetta vítaverð framkoma."

Stjórn er sammála viðkomandi félagsmanni að það sé með öllu óviðeigandi og ólíðandi að fólk sem gegnir trúnaðarstörfum fyrir HRFÍ sé í samstarfi við klúbbinn Dobermann Ísland og finnst þetta vítaverð framkoma. Senda erindið til viðkomandi deilda.

- 6. Umsókn frá Chihuahuedeild um deildarsýningu árið 2010 A-2308/A-2308a**
Stjórn samþykkir sýninguna með þeim skilyrðum að sýningin verði haldin í júní.
- 7. Erindi frá DÍF um hvort HRFÍ auglýsi á dagatali deildarinnar A-2308b**
Stjórn sammála um að halda áfram að styrkja DÍF með auglýsingu á dagatali þeirra.
- 8. Reikningur frá ISIC vegna 2009. A-2309**
- 9. Fulltrúar frá Dýrahjálpi Íslands mæta á fundinn A-2307**
Valgerður Valgeirsdóttir frá Dýrahjálpi kynnti starfsemi þess. Ekki er enn mikið um ættbókarfærða hunda. Stafsemin hófst vorið 2008 og hefur verið að þróast. Dýrahjálpi fékk að kynna starfsemi sína á sýningu félagsins og er velkomið að óska eftir því áfram.
- 10. Heimssýningin í Bratislava**
Fulltrúi okkar í ungum sýnendum var Ágústa Pétursdóttir. Jóna og Valgerður voru óánæðar með skipulagið í keppninni. Ágústa stóð sig með sóma þó að hún hafi ekki komist áfram í keppninni.
- 11. Sýningadómarnám**
Kenneth Edh lofar að senda okkur tillögu að dagsetningu
Jörgen Hindse, Svend Lövenkjær og Kresten Scheel – nám fyrir unga fólk í hjá danska hundaræktarfélaginu.
- 12. Nordic Winner í Helsinki – Junior Handling**
Fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins þær Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir, Karen Ösp Guðbjartsdóttir, Theodóra Róbertsdóttir og Guðrún Hauksdóttir fara ásamt Auði Sif Sigurgeirsdóttur þjálfara liðsins á Nordic Winner Show (Nordic Junior Handling Championship) í Finnlandi. Farið verður fimmtudaginn 10. desember og komið heim mánudaginn 15. desember. Jóna Th. Viðarsdóttir fer á eigin vegum á sýninguna, stúlkunum til halds og trausts. Stjórnarmenn sammála um að þörf sé á öflugum foreldrafélagi og mikilvægt að finna fleiri fjáröflunarleiðir.
- 13. Uppgjör frá veiðiprófi Vorstehdeildar 25.-27. september sl.**
16 hundar voru skráðir í prófið með 27 skráningar kr.83.936.- án vsk.
Kostnaður við prófið(erlendur dómari) kr.137.068.-
Gjöld umfram tekjur kr.53.132.-
- 14. Bréf frá Dýraverndarráði vegna lausagöngu hunda A-2310**
Samþykkt að birta á vefsíðu félagsins.
- 15. Kanadískur dómari á sýningu Íshunda 3.-4. október.**
Reyna að fá upplýsingar um nafnið á dómaranum. Dómarinn hitti Hugo sem dæmi unga sýnendur og varð dómarinn mjög miður sín þegar hann frétti að sýningin væri á vegum hundaræktarfélags sem ekki er viðurkennt af FCI.
- 16. Beiðni frá dómarráði um breytingu á veiðiprófsreglum A-2311/A-2312/A-2313**
varðandi notkun á bráð í alhliðaprófi. A-2313a
Stjórn tók erindið fyrir á stjórnarfundum þann 2. september og samþykkti að leita álits hjá ræktunardeildum í tegundahópi 7:

Til stjórnar írsk setterdeildar, vorstehdeildar og fuglahundadeildar.

Stjórn Hundaræktarfélags Íslands óskar eftir álitum ykkar varðandi bréf sem barst frá Ferdinand Hansen fyrir hönd dómarráðs. Í bréfinu er verið að óska eftir að nota máf í öllum greinum í Alhliðaprófi og breyta grein 9.5. þannig að í stað fyrsta liðar komi:

"Við próf í vatnavinnu, vinnu á slóð og leita-sækja eru hundar prófaðir einn og einn. Nota má rjúpu, önd eða máf í öllum þrem liðum að vali prófhaldara. Allir hundar skulu nota samskonar bráð í hverjum lið. Þátttakendur mega koma með eigin bráð en hún skal vera sömu tegundar og prófstjóri hefur ákveðið að nota í viðkomandi lið og skal dómari samþykkja ástand hennar. Þegar próf er auglýst skal koma fram hvaða fuglategund er notuð í hverjum lið. Ef notaður er máfur við vinnu á slóð eða frjálstri leit skal vængstífa hann framan við olnboga."

Auk þess falli út ákvæði um val á bráð í undirliðnum a. b og c.

Dómarráð telur ekkert því til fyrirstöðu að breyta ofangreindu og það komi ekki til með að breyta niðurstöðu á mati varðandi eiginleika hundanna þó svo að leyft verði að nota máf í öllum greinum í Alhliðaprófi.

Svar óskast sem fyrst eða í síðasta lagi fyrir 1. október n.k.

Afrit sent til dómarráðs og veiðiprófanefndar HRFÍ fyrir tegundahóp 7.

Með bestu kveðju,
f.h. stjórnar Hundaræktarfélags Íslands,
Valgerður Júlíusdóttir

Svör hafa borist frá öllum viðkomandi deildum. Fuglahundadeild mælir með að samþykkja tillögu dómarráðs en vorsteh- og írsk setterdeild eru ekki samþykkar breytingunni og því getur stjórn HRFÍ ekki samþykkt tillögu dómarráðs.

17. Fulltrúaráðsfundur, stefnt að halda hann miðvikudaginn 25. nóvember.

18. Önnur mál

19. Næsti fundur stjórnar verður miðvikudaginn 4. nóvember kl.15:00. Athuga hvort fulltrúar frá MAST geti mætt þá á fundinn. Vinnufundur verður 11. nóvember kl.17:00. Miðvikudaginn 25. nóvember verður stjórnarfundur kl.16:00 og fulltrúaráðsfundur kl.19:30.

Fundi slitið kl.20:00